

fyrir Hæstarétti og héraðsdómi í 3 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði Þorfinnur Egilsson er sviptur leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi í 3 ár frá birtingu dómsins að telja.

Ákærðu greiði kostnað máls þessa in solidum. Ákærði Knútur Bruun greiði auk þess skipuðum verjanda sínum, Jóhannesi L. L. Helgasyni hæstaréttarlögmanni, kr. 250.000 í málsvarnarlaun. Ákærði Þorfinnur Egilsson greiði skipuðum verjanda sínum, Jóni Finnssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 250.000 í málsvarnarlaun.

Þriðjudaginn 10. mars 1981.

Nr. 46/1979. **Almennar tryggingar h/f**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Ólafi Heiðari Ólafssyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 9. mars 1979. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Vátryggingarskilmálar þeir, sem áfrýjandi vísar til í málflutningi sínum, voru ekki afhentir stefnda ásamt vátryggingarskírteini. Getur áfrýjandi því ekki með stoð í 3. mgr. 45. gr. laga nr. 20/1954 sýnt stefnda um vátryggingarbætur með skírskotun til tl. 2(a) í vátryggingarskilmálum þess-

um. Með þessari athugasemid og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, en þó þannig, að hin dæmda fjárhæð verður 40.000 krónur (nýkr.), og vextir reiknast frá 2. nóvember 1977, sbr. 24. gr. laga nr. 20/1954.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 6.000 krónur (nýkr.) í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Almennar tryggingar h/f, greiði stefnda, Ólafi Heiðari Ólafssyni, 40.000 krónur með 16¼% ársvöxtum frá 2. nóvember 1977 til 21. nóvember 1977, 19½% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en með 22½% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, 6.000.00 krónur í málskostnað í héraði og 6.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 12. desember 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 12. desember sl., hefur Ólafur Heiðar Ólafsson, Dalalandi 14, Reykjavík, höfðað fyrir sjó- og verslunardóminum með stefnu, birtri 21. febrúar 1978, á hendur Almennum tryggingum h/f, Pósthússtræti 9, Reykjavík.

Málið höfðar stefnandi til heimtu váttryggingarfjár fyrir trillubátinn Sleipni, RE 83, að fjárhæð kr. 4.000.000 með 16¼% ársvöxtum frá 27. september 1977 til 21. nóvember 1977 og með 19½% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en með 22½% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk alls málskostnaðar að fullu að skaðlausu, þar með talin full málfærslulaun fyrir dóminum samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnda hefur verið sótt þing og þær dómkröfur gerðar, að hann verði algerlega sýknaður og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins.

Sátt hefur verið reynd fyrir dóminum, en án árangurs.

Málavextir eru þeir, að trillubáturinn t/b Sleipnir, RE 83, sem var eign stefnanda, sökk á leiðinni frá Tálknafirði til Njarðvíkur þann 27. september 1977. Hér var um algert tjón að ræða,

þar sem ekkert bjargaðist af bátnum, sem var 5 tonna trébátur með dieselvél, dýptarmæli, talstöð, björgunarbát og fleiri tækjum. Samkvæmt ákvæðum leigusamningsins átti stefnandi að tryggja bátinn. Báturinn var váttryggður hjá stefnda með skírteini nr. 42—770136—1, sem var endurnýjun á skírteini nr. 42—770080—1, og var síðara skírteinið út gefið þann 2. september 1977. Tryggingarupphæð var kr. 4.000.000 og iðgjald kr. 8.000, greitt sama dag og skírteinið var út gefið. Tryggingarskilmálar voru: „Total loss, björgun og bruni.“ Var þetta óbreytt frá fyrra skírteini. Þann 2. september 1977 mun stefnandi hafa fengið skírteinið í hendur, og eru tryggingarskilmálar þar taldir eins og hér greinir að framan. Aðra og fyllri skilmála en fram koma af skírteininu fékk hann ekki afhenta. Í skírteininu er heldur ekki vitnað til annarra skilmála. Hér á landi eru ekki til staðlaðir skilmálar fyrir þessa stærð báta, sem gilda hjá öllum tryggingarfélögum.

Stefnandi hafði leigt bátinn Ársæli Egilssyni, Hamraborg, Tálknafirði, með samningi, dagsettum 20. maí 1977, og skyldi leigutíminn vera til 1. september 1977. Bátnum skyldi skilað í Reykjavíkurböfn með tækjum og öðru í sama standi eins og báturinn var, er hann fór í leigu, og skipaskoðunarvottorð, er frammi liggur, greinir. Leigutaki skilaði bátnum ekki á réttum tíma, enda hafði báturinn bilað og lá í höfn í Tálknafirði. Stefnandi framlengdi því trygginguna um einn mánuð. Þann 27. september 1977 tók m/b Örvar, BA 14, bátinn í drátt í höfn í Tálknafirði, og var ætlunin að draga hann til Njarðvíkur. Eins og fyrr greinir, sökk t/b Sleipnir í þeirri för. Stefnandi kveðst árangurslaust hafa krafið stefnda um bætur í samræmi við váttryggingarskírteinið, en án árangurs. Trillubáturinn Sleipnir, RE 83, hafi verið váttryggður fyrir m. a. total loss, þ. e. algeru tjóni, hjá stefnda, er hann fórst, og beri því stefnda skilyrðislaust skylda til að bæta hann.

Tryggingarfélagið byggir sýknukröfu sína á tryggingarskilmálum „Institute Standard T.L.O. Clause“, sem lagðir eru fram á ensku í dómskjali 10 og íslenskri þýðingu á dómskjali nr. 11. Í 1. mgr. tryggingarskilmálanna (2a) segir: „Skipinu er þó ekki heimilt að þiggja dráttaraðstoð, nema þar sem það er venja, ellegar þegar þess gerist þörf og þá til næstu öruggu hafnar.“ Stefndi heldur því fram, að hér taki umráðamaður bátsins ákvörðun um það að láta draga bátinn úr öruggri höfn, þ. e. höfninni í Tálknafirði, langan veg frá Vestfjörðum suður til Njarðvíkur

að hausti til, þegar allra veðra sé von. Áður en sú ákvörðun hafi verið tekin, hafi eigandinn og stefnandi þessa máls, Ólafur H. Ólafsson, tvívegis eða jafnvel þrívegis rætt við deildarstjóra Almennra trygginga um möguleika á að koma bátnum frá Tálknafirði hingað suður og jafnframt hafi hann rætt við deildarstjórnann um, hvaða ráð hann gæti haft, þar sem leigutaki bátsins vildi ekki skila honum. Deildarstjórinn haldi því ákveðið fram, að hann hafi bent eigandanum á, að hann mætti alls ekki láta draga bátinn að vestan, því að tryggingin tæki ekki til þess atriðis, og hafi þeir orðið sammála um, að hann fengi leigutakann til þess að senda trillubátinn með skipi Skipaútgerðar ríkisins, svo fljótt sem unnt væri. Þegar stefnanda hafi orðið það ljóst eftir þessi viðtöl við deildarstjórnann, að trillan væri ekki í tryggingu, væri hún dregin að vestan, hafi hann pantað einnar miljón króna flutningstryggingu á bátinn, miðað við að hann yrði fluttur um borð í stóru skipi frá Skipaútgerð ríkisins. Sérstaklega hafi verið talað um Esjuna. Að sjálfsögðu hefði þessi einnar miljón króna trygging gilt, þótt báturinn hefði verið fluttur með öðru hæfu skipi. Þetta einnar miljón króna skírteini hafi hins vegar ekki verið gefið út, sökum þess að tryggingarfélagið hefði beðið eftir því, að tryggingartaki léti vita, með hvaða skipi og hvenær tryggingin skyldi hefjast, og sé það samkvæmt venju í tryggingarmálum.

Samkvæmt málflutningi aðilja er í máli þessu ekki deilt um atvik að slysinu né um þá upphæð, er stefndi skal bæta, verði málið dæmt honum í óhag.

Fyrir dóm hafa komið stefnandi málsins, Ólafur H. Ólafsson, og deildarstjóri Almennra trygginga, Ólafur Ásgeir Sigurðsson. Þeir voru sammála um, að stefnandi hefði ekki fengið aðra og fyllri skilmála í hendur en fram koma í skírteini eða skírteinum á dómskjali 3 og 4. Hins vegar sagði Ólafur Ásgeir Sigurðsson það vera venju hjá Almennum tryggingum að skýra út fyrir tryggingartökum, hvað þeir væru að tryggja, og fara í gegnum tryggingarskilmálana með þeim. Hann þorði hins vegar ekki að fullyrða neitt um það, hvort svo hefði verið gert við Ólaf Ólafsson, þar sem svo langt væri liðið frá þessum atburðum. Ólafur Ásgeir Sigurðsson sagði, að áður en til þess kom, að báturinn væri dreginn áleiðis suður, hafi Ólafur H. Ólafsson rætt við hann og þá hafi hann skýrt honum frá því og skrifað það hjá sér til minnis, að Ólafi H. Ólafssyni væri samkvæmt tryggingarskilmálunum óheimilt að láta draga bátinn. Þess vegna hafi ný trygg-

ing verið tekin. Ólafur hafi beðið hann að tryggja bátinn fyrir kr. 1.000.000.

Stefnandinn, Ólafur H. Ólafsson, heldur því hins vegar fram, að honum hafi verið skýrt frá því, að ætlaði hann að flytja bátinn á dekki, þá næði tryggingin ekki til þess og hann yrði að tryggja upp á nýtt. Þess vegna hafi hann ætlað og tekið tryggingu í því skyni. Hins vegar hafi ekki borist í tal, að þessi trygging, sem hann hafði, næði ekki til þess, væri báturinn dreginn suður.

Samprófun framburða þessara aðilja fór fram, en samræmi í milli þeirra náðist ekki.

Álit dómsins.

Í máli þessu er ekki um það deilt, að báturinn t/b Sleipnir, eign stefnanda, var í tryggingu hjá stefnda, þá er hann sökk þann 27. september 1977, heldur til hvers sú trygging átti að ná. Samkvæmt 59. gr. laga nr. 20/1954, 1. mgr., er hér um sjóvátryggingu að ræða, og samkvæmt 60. gr. sömu laga tekur sjóvátrygging til sérhverrar hættu, sem hinir vátryggðu hagsmunir eru lagðir í, hafi sérstök undantekning ekki verið gerð í lögum eða samningi. Sjá hér einnig 3. gr. sömu laga. Þann 2. september 1977, þá er stefnandi greiddi fyrir trygginguna, fékk hann í hendur tryggingarskírteini nr. 42—770136—1. Í skírteininu eru tryggingarskilmálar tilgreindir þannig: „Total loss, björgun, bruni.“ Þar eru ekki greindir aðrir skilmálar, sem hér skipta máli, og ekki vitnað til eða gefin vísbending um, að aðrir og fyllri skilmálar eigi að gilda um trygginguna. Stefnanda málsins, Ólafi H. Ólafssyni, og starfsmanni stefnda, Ólafi Ásgeiri Sigurðssyni, sem sá um sölu tryggingarinnar, greinir á um, hvað þeim fór í milli, bæði þá er tryggingin var keypt og síðar, er gera átti ráðstafanir til þess að fá bátinn fluttan frá Tálknafirði og suður. Ólafur Ásgeir segir, að venja sé að fara yfir alla tryggingarskilmála með kaupanda slíkrar tryggingar, en þorir þó ekki að fullyrða, að svo hafi verið gert með Ólafi H. Ólafssyni. Hann fullyrðir, að Ólafi H. Ólafssyni hafi verið gert það ljóst, þá er flutningar bátsins suður voru ráðgerðir, að tryggingin næði ekki til þess, að báturinn væri dreginn þessa leið. Ólafur H. Ólafsson fullyrðir aftur á móti, að honum hafi hvorki þá, er tryggingin var tekin, né síðar, þá er flutningarnir voru ráðgerðir, verið skýrt frá þessu og honum hafi verið alls ókunnugt um það. Aðrir eru ekki til vitnis um samtöl þeirra nafna.

Dómurinn getur ekki á það fallist, að það hafi verið óforsvaranlegt, eins og veðri og veðurútliti var háttað, að ráðast í að draga bátinn þessa leið, og ekki hefur annað komið fram en það hafi verið óhappatilviljun, að báturinn sökk.

Þar sem tryggingarskírteinið ber hvorki með sér, að stefnanda hafi verið óheimilt að láta draga bátinn milli hafna né tilvitnun til skilmála þeirra, sem stefndi ber fyrir sig, þykir stefndi ekki gegn fullyrðingu stefnanda hafa sannað, að honum hafi mátt vera annað ljóst en að báturinn væri í tryggingu félagsins, væri hann dreginn frá Tálknafirði og suður, svo sem raunin varð í hinstu ferð bátsins. Verður enda við það að miða, sbr. tilgreind lagaákvæði, að stefnda hafi borið að gera stefnanda það ótvírætt ljóst, að tryggingin ætti ekki að gilda, yrði ráðist í að draga bátinn frá Tálknafirði til Reykjavíkur (sic).

Þegar allt framanskráð er virt, þykir stefndi eiga að bæta stefnanda bátinn með kr. 4.000.000, en tölulegur ágreiningur er ekki um bótafjárhæðina.

Vaxtakrafa stefnanda er tekin til greina, sbr. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 20/1954.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 600.000 í málskostnað.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Eggert Gíslasyni skipstjóra og Jóni Finnssyni hæstaréttarlögmanni.

Dóms orð:

Stefndi, Almennar tryggingar, greiði stefnanda, Ólafi H. Ólafssyni, kr. 4.000.000 með 16¼% ársvöxtum frá 27. september 1977 til 21. nóvember 1977 og með 19½% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en með 22½% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 600.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.